




Ungmennasamband Kjalarnesþings

SKÝRSLA OG REIKNINGAR 1986



63. ÁRSPING

FÉLAGSGARÐI, KJÓÐ

21. FEBRÚAR 1987

DAGSKRÁ 63. ÁRSPINGS UMSK
HALDIÐ AÐ FÉLAGSGARÐI Í KJÓS, 22. FEBRÚAR 1987

1.	Þingsetning	kl. 10:00
2.	Kosnir starfsmenn þingsins	kl. 10:20
3.	Kosning í kjörbréfanefnd	kl. 10:30
4.	Skýrsla stjórnar	kl. 10:40
5.	Ávörp gesta	kl. 11:15
6.	Kjörbréfanefnd skilar álit	kl. 11:30
7.	Matarhlé	kl. 11:45
8.	Umræður um skýrslu stjórnar	kl. 13:00
9.	Skipað í nefndir, mál lögð fyrir	kl. 13:30
10.	Nefndarstörf	kl. 14:00
11.	Nefndir skila álit, almenn afgr.	kl. 15:30
12.	Önnur mál	kl. 16:30
13.	Kosningar	kl. 17:00
14.	Þingslit	kl. 17:15

ÁRSSKÝRSLA STJÓRNAR UMSK 1986 - 1987:

EFNISYFIRLIT:

	bls.
Ávarp formanns.....	2
Skýrsla stjórnar.....	3
Lög UMSK.....	26
Reikningar.....	29

Forsíðumyndin er úr leik Stjórnunnar og Breiðabliks í 1.deild
Handknattleikssambands Íslands í vetur.

ÁVARP FORMANNS.

Ágætu félagar, þá er komið að 63. ársþingi UMSK og jafnframt verður sambandið okkar 65 ára á þessu ári. Frá því að ég tók við formennsku í september s.l. hefur mikill hluti starfsins farið í fjáraflanir því sambandið hefur staðið fremur höllum fæti hvað fjármagn snertir. Það þarf peninga til að standa undir öflugum starfi og sambandið þarf að geta hlaupið undir bagga þar sem þörfin er mest hverju sinni. En við lítum björtum augum til komandi starfsárs og ber hæst landsmótið á Húsavík. Þar er stefnt að því að mæta sterk til leiks og gera okkar besta. Það er ánægjulegt að sjá hve U.M.S.K. er lifandi og öflugt þegar 64 starfsár eru að baki. Ég vil þakka stjórnarmönnum gott samstarf á árinu svo og starfsmönnum þeim Einari Gunnarssyni, Berglindi Burknadóttur og Einari Siguróssyni. Jafnframt vona ég að við njótum krafta hans a.m.k. út næsta starfsár og óska honum velfarnaðar í starfi. Fráfarandi formanni Katrínu Gunnarsdóttur þakka ég gott samstarf og óska henni allra heilla á nýjum starfsvettvangi í framkvæmdastjórn Í.S.Í. Formönnum og stjórnnum allra aðildarfélaganna og sveitastjórnnum á sambandssvæðinu þakka ég einnig gott samstarf á síðastliðnu starfsári

SKÝRSLA STJÓRNAR UMSK 1986 -1987.

1. 62. ársþing UMSK.
2. Stjórn og framkvæmdastjórn.
3. Starfsmannamál.
4. Aðildarfélög UMSK.
5. Fréttabréf UMSK.
6. Skrifstofa UMSK.
7. Skólahlaup UMSK.
8. Kennsluskýrslur.
9. Getraunir.
10. Forkeppnin.
11. Knattspyrnuráð.
12. Þing og fundir.
13. Hapdrætti UMSK.
14. Firmakeppni UMSK.
15. 19. Landsmót UMFÍ.
16. Þrastarskógur.
17. Blaðaútgáfa.
18. 20. Landsmót UMFÍ.
19. Skýrsla Frjálsíþróttapjálfa UMSK.
20. Karate.
21. Héraðsmet UMSK.

Skýrslan er unnin dagana 1-20. febrúar. Höfundar efnis eru Ólína Sveinsdóttir, Ingvi Guðmundsson, Karl Gauti Hjaltason, Einar Gunnarsson og Einar Sigurðsson.

Skýrslan er vélrituð af Einari Gunnarssyni og Einari Siðuróssyni og ljósrituð á ljósrita UMSK. Forsíðuna prentaði Páll Bjarnason og ljósmyndin er fengin að láni úr myndasafni Morgunblaðsins. Kunnunum við þeim bestu þakkir fyrir.

62. ÁRSPING UMSK.

62. ársþing UMSK var haldið að Kirkjulhvoli í Garðabæ 27. febrúar 1986. Þingið var í umsjá Stjórnunnar og fórst þeim þinghald vel úr hendi. Margir gestir heiðruðu UMSK með þingsetu, þar á meðal Pálmi Gíslason formaður UMFÍ, Sveinn Björnsson forseti ÍSÍ og Sigurður Geirdal þáverandi framkvæmdastjóri UMFÍ. Þingforsetar voru þeir Ásgeir Þórðarson Stjórnunni og Páll Aðalsteinsson UMFA.

Níu félag með 45 fulltrúa og 14 varafulltrúa sóttu þing en alls áttu 18 félag með 77 fulltrúa rétt á þingsetu.

Þetta var starfsamt þing og alls samþykktar 10 tillögur, þar á meðal tillaga um heiðursviðurkenningar UMSK.

Af fráfaramandi stjórn gáfu kost á sér til endurkjörs og voru endurkjörin þau Katrín Gunnarsdóttir sem formaður, Ólína Sveinsdóttir og Elsa Jónsdóttir. Úr stjórn gengu þeir Vilhjálmur Einarsson og Kristinn Gylfi Jónsson og í þeirra stað kosnir þeir Ingvi Guðmundsson og Svanur M. Gestsson. Úr varastjórn gengu þeir Páll Aðalsteinsson og Jón Tynes og í þeirra stað voru kosnir þeir Guðmundur R. Jónsson og Karl Gauti Hjaltason. Lárus Pétursson var endurkjörinn í varastjórn.

Í matarhléi voru veittar viðurkenningar. Afreksbikar UMSK hlaut öðru sinni Svanhildur Kristjónsdóttir frjálsíþróttakona úr UBK. Félagsmálaskjöldinn hlaut Kristján Sveinbjörnsson fyrrverandi formaður UMSK fyrir frábær störf í þágu sambandsins og Umf. Bessastaðahrepps.

Að þessu sinni var þingið haldið á fimmtudagskvöldi og hafði það góð áhrif á mætingu. Þó er ljóst að þingið verður að flytja aftur yfir á helgi því ekki gefst nægur tími fyrir þingstörf á einu kvöldi.

STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRN

Á 62 ársþingi sambandsins urðu fjórar breytingar á stjórn. Þeir Vilhjálmur Einarsson, Kristinn G. Jónsson, Páll Aðalsteinsson og Jón Tynes gengu úr stjórn.

Stjórn og varastjórn var skipuð sem hér segir fram að þingi ísÍ.

Formaður,	Katrín Gunnarsdóttir	Umf. Stjórnunni
V.formaður,	Ólína Sveinsdóttir	Umf. Breiðblik
Ritari,	Ingvi Guðmundsson	Umf. Stjórnunni
Gjaldkeri,	Elsa Jónsdóttir	Íþrf. Gerplu
Meðstjórnandi	Svanur M. Gestsson	Umf. Aftureldingu
Til vara:	Lárus Pétursson	Umf. Dreng
	Guðmundur R. Jónsson	Handkn. Kópavogs
	Karl Gauti Hjaltason	Íþrf. Gerplu

Stjórnin hélt 14 formlega fundi á starfsárinu og tók fyrir samkvæmt fundargerðabók hátt í hundrað mál.

Á ísÍ þinginu var Katrín síðan kosin í stjórn ísÍ og samkvæmt lögum ísÍ þá samræmist það ekki að vera formaður sambands og vera jafnframt í stjórn ísÍ. Þar af leiðandi tók varaformaður Ólína Sveinsdóttir við embætti formanns.

Nöfn	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	ALLS
Katrín	X	X	X	X	X		X		X				X		8
Ólína	X		X			X	X	X	X	X	X	X	X		10
Ingvi		X	X	X	X		X	X	X			X	X	X	10
Elsa	X		X	X				X	X	X	X	X	X	X	10
Svanur	X	X	X		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	13
Lárus		X	X	X	X	X	X		X		X		X	X	10
Guðmundur	X	X	X	X	X					X			X	X	8
Karl	X		X								X		X	X	5

Forföll eru ekki skýrð.

STARFSMANNAMÁL.

Enn sem fyrr urðu miklar sveiflur í starfsmannamálum UMSK á síðasta ári og er það mjög bagalegt. Arnór Benónýsson hætti störfum 1.mars. Einar Gunnarsson og Páll Aðalsteinsson gegndu störfum framkvæmdastjóra fram til 1.júní en þá tók Einar við fullu starfi. Þá var og ráðin á skrifstofuna skrifstofu- stúlka, Berglind Burknadóttir. Hún vann hjá UMSK frá því í febrúar og fram til mánaðarloka í ágúst.

Hinn 1.nóvember sagði síðan Einar upp störfum frá og með 1.febrúar. Í hans stað var ráðinn frá og með áramótum Einar Sigurósson.

ADILDARFÉLÖG UMSK.

1. Ungmennafélagið Afturelding, Mosfellssveit. 1909.
Fjöldi félaga: 609, formaður: Þórgrímur Októson.
2. Ungmennafélagið Drengur, Kjósahrepp. 1915.
Fjöldi félaga: 85, formaður: Lárus Pálsson.
3. Ungmennafélag Kjalnesinga. 1938.
Fjöldi félaga: 93, formaður: Kristinn Gylfi Jónsson.
4. Ungmennafélagið Bessastaðhrepps. 1945.
Fjöldi félaga: 150, formaður: Berglind Guðmundsdóttir.
5. Ungmennafélagið Breiðblik, Kópavogi. 1950.
Fjöldi félaga: 1061, formaður: Þorgerður Aðalsteinsdóttir.
6. Ungmennafélagið Stjarnan, Garðabæ. 1960.
Fjöldi félaga: 697, formaður: Karl Harry Sigurðsson.
7. Íþróttafélagið Gróttu, Seltjarnanesi. 1967.
Fjöldi félaga: 374, formaður: Gunnar Lúðvíksson.
8. Handknattleiksfélag Kópavogs. 1970.
Fjöldi félaga: 859, formaður: Þorsteinn Einarsson.
9. Íþróttafélagið Gerpla, Kópavogi. 1971.
Fjöldi félaga: 1223, formaður: Elsa Jónsdóttir.
10. Siglingafélagið Ýmir, Kópavogi. 1971.
Fjöldi félaga: 142, formaður: Ingibergur Vilhjálmsson.
11. Siglingaklúbburinn Vogur, Garðabæ. 1975.
Fjöldi félaga: 96, formaður: Kristján Óli Hjaltason.
12. Íþróttafélag Kópavogs. 1976.
Fjöldi félaga: 322, formaður: Magnú Harðarson.
13. Golfklúbburinn Kjölur, Mosfellssveit. 1981.
Fjöldi félaga: 72, formaður: Örn Höskuldsson.

14. Knattspyrnufélagið Augnablik, Kópavogi. 1981.
Fjöldi félaga: 42, formaður: Vilmar Pétursson.
15. Siglingafélagið Sigurfari, Seltjarnarnesi. 1981.
Fjöldi félaga: 116, formaður: Hjörtur Hjartarson.
16. Íþróttafélagið Gáski, Mosfellssveit. 1982.
Fjöldi félaga: 56, formaður: Snorri Magnússon.
17. Íþróttafélagið Hlynur, Kópavogi. 1983.
Fjöldi félaga: 190, formaður: Sigrún Sigurðardóttir.
18. Íþróttafélagið Tjaldur, Mosfellssveit. 1984.
Fjöldi félaga: ? , formaður: Jóhanna Guðjónsdóttir.
19. Golfklúbbur Garðabæjar. 1986.
Fjöldi félaga: ? , formaður: Björn Olsen.
20. Knattspyrnufélagið Hvatberar, Seltjarnarnesi. 1987.
Fjöldi félaga: ? , formaður: Jóhann Guðnason.

FRÉTTABRÉF UMSK.

Á árinu 1986 komu út þrjú fréttabréf og er það ekkert til að hrópa húrra fyrir sérstaklega ef tekið er mið af þeim yfirlýsingum sem gefnar voru út á síðasta ári. Þessi þrjú fréttabréf komu öll út fyrrihluta ársins.

Fyrsta fréttabréf ársins 1987 kom út í lok janúar og annað rétt fyrir þing. Hugmyndin er að fylgja þessari byrjun vel eftir og gefa út a.m.k. 10 fréttabréf í heildina á þessu ári. Hvort það tekst er undir starfsmanni komið.

Endurskoða verður áskriftarlista fréttabréfsins og fjölga þarf áskrifendum. Um þrjú hundruð eru á listanum og er stefnan að fjölga þeim um fast að helming. Hugmyndin er að fleirri félagsmenn fái bréfið og eins þarf að útbúa fyrirtækjaskrá með þeim fyrirtækjum sem styrkt hafa sambandið.

Fréttabréfið á að vera góður miðill milli skrifstofu UMSK og þeirra sem í kringum starfseminu eru.

SKRIFSTOFA UMSK.

Skrifstofa sambandsins er sem fyrr til húsa að Mjölnis-
holti 14, þriðju hæð. Nú er sambandið búið að hafa hálf
hæðina á leigu í tvö og hálf ár. Segja má að húsnæðismálin
séu í góðu horfi. Skrifstofan er samilega búin tækjum þar
sem við höfum nýlega ritvél og þá höfum við ljósritunarvél sem
er þarfþing. Þó gefur sú vél ekki möguleika á stækkun og
minnkun. Þá er viðhald hennar óþarflega mikið.

Skrifstofan gefur hina ágætustu möguleika til að vinna
þar. Því væri ekki úr vegi fyrir félögin að nýta sér þá
vinnuástöðu sem býðst þar. Skrifstofan er opin frá 9-5 frá
mánudegi til föstudags. En það verður að athugast að einungis
einn maður er á henni og hann á jafnframt að sinna erindrekstri
úyi í bæ sem þýðir það að hann getur ekki alltaf verið við
allan þennan tíð. Því er nauðsynlegt að með vorinu verði
ráðinn annar starfskraftur með það í huga að ætíð og alltaf
verði einhver við á þeim tíma sem er auglýstur.

Það fer að verða hollt fyrir sambandið að fara að huga
að tölvukaupum á skrifstofuna. Tölva mundi gjörbylta allri
pappírsvinnu á skrifstofunni til hins betra. Hér yrði um
gífurlega vinnuhagræðingu. Þá yrði hægt að geyma allar skrár á
disklingum og í stað þess að fylla meðal geymslu af allskonar
skrám, blöðum og skýrslum væri hægt að hafa allt á fyrirferða-
litlum disklingum í einu hylki. Og ef talað er um að of kostnaðar-
samt sé að fara út í tölvukaup hjá sambandi sem stendur illa
fjárhagslega þá má benda á einfalt reikningsdæmi: Á árinu
1986 voru gefin út tvö blöð af UMSK, haustblað og jólablað.
Kostnaður við setningu þessara blaða var ca 80þúsund, en
auðveldlega má setja blað í tölvu af "rétttri gerð." Og þar sem
nokkurn vegin er öruggt að UMSK gefi út landsmótsblað þá
erum við að tala um að tölva gæti borgað sig upp mjög fljótlega.

SKÓLAHLAUP UMSK.

Skólahlaupið var að þessu sinni haldið í Garðabæ. Hlaupið sjálft heppnaðist nokkuð vel og var allur undirbúningur Garðbæinga undir forystu Ólafs Gíslasonar íþróttakennara til fyrirmyndar. Einu er þó allveg ljóst að þarf að breyta varðandi hlaupfyrirkomulagið. Aðskilja þarf stráka og stelpur í hlaupunum. Við það auðveldast öll úrvinnsla margfalt svo og framkvæmd þót hún lengist að sama skapi nokkuð.

Að þessu sinni styrktu Nóri&Sírius og Vífilfell framkvæmdina og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Frjálsíþróttadeildir Aftureldingar og Breiðabliks lögðu til starfsmenn.

Úrslit í Stigakeppni skóla:

1.-2. bekkur

1.	Snælandsskóli	453	stig
2.	Varmárskóli	388	"
3.	Flataskóli	373	"
4.	Mýrarhúsaskóli	284	"
5.	Hjallaskóli	265	"
6.	Hofstaðaskóli	254	"
7.	Digranesskóli	226	"
8.	Kársnesskóli	222	"
9.	Kópavogsskóli	198	"

5.-6. bekkur

1.	Hjallaskóli	376	stig
2.	Snælandsskóli	354	"
3.	Varmárskóli	323	"
4.	Mýrarhúsaskóli	308	"
5.	Digranesskóli	277	"
6.	Flataskóli	244	"
7.	Kársnesskóli	186	"
8.	Kópavogsskóli	130	"

3.-4. bekkur

1.	Snælandsskóli	412	stig
2.	Digranesskóli	358	"
3.	Kópavogsskóli	351	"
4.	Hjallaskóli	318	"
5.	Kársnesskóli	305	"
6.	Flataskóli	289	"
7.	Mýrarhúsaskóli	288	"
8.	Varmárskóli	229	"

7.-9. bekkur

1.	Snælandsskóli	247	stig
2.	Gagnfræðask. Mosfell	234	"
3.	Garðaskóli	179	"
4.	Valhúsaskóli	161	"
5.	Digranesskóli	144	"
6.	Ásgarðsskóli	28	"
7.	Kópavogsskóli	18	"
8.	Þinghólsskóli	15	"

1.-2. bekkur Karlar

1. sæti:	Magnús Örn Guðmundsson	2:29,7 mín	Mýrarhúsaskóli
2. " :	Birgir Sævarsson	2:30,2 "	Varmárskóli
3. " :	Lárus Jóhannsson	2:32,2 "	Flataskóli

1.-2. bekkur Konur

1. sæti:	Berglind Sigurðardóttir		Snælandsskóli
2. " :	Þóra B. Briem	2:45,5 "	Snælandsskóli
3. " :	Harpa Sigurbjörnsdóttir	2:46,5 "	Varmárskóli

3.-4. bekkur Karlar

1. sæti:	Aron Haraldsson	3:49,3 mín	Hjallaskóli
2. " :	Benedikt Emilsson	4:03,2 "	Snælandsskóli
3. " :	Gunnar B. Ólafsson	4:06,3 "	Hjallaskóli

3.-4. bekkur Konur

1. sæti:	Margrét Rannveig	4:49,5 mín	Hjallaskóli
2. " :	Ingunn Ingbórsdóttir	4:51,1 "	Snælandsskóli
3. " :	Ásthildur Helgadóttir	4:55,2 "	Snælandsskóli

5.-6. bekkur Karlar

1. sæti:	Brynjólfur Baldursson	4:59,1 mín	Garðaskóli
2. " :	Ísleifur Þórsson	5:01,9 "	Digranesskóli
3. " :	Ásbjörn Jónsson	5:05,7 "	Varmárskóli

5.-6. bekkur Konur

1. sæti:	Rósa Brynjólfsdóttir	5:35,7 mín	Hjallaskóli
2. " :	Anna Þórsdóttir	5:42,7 "	Digranesskóli
3. " :	Hera B. Jónasdóttir	5:59,0 "	Snælandsskóli

7.-9. bekkur Karlar

1. sæti:	Hugi Sævarsson	5:47,6 mín	Digranesskóli
2. " :	Arnar Birgisson	5:50,1 "	Valhúsaskóli
3. " :	Ísleifur Karlsson	5:50,8 "	Snælandsskóli

7.-9. bekkur Konur

1. sæti:	Þórunn Gunnarsdóttir	6:32,7 mín	Valhúsaskóli
2. " :	Sara Haraldsdóttir	6:53,2 "	Digranesskóli
3. " :	Rósa Emilsdóttir	6:59,8 "	Gagnfræðaskóli Mosfell

KENNSLUSKÝRSLUR.

Skil á starfsskýrslum var sambandinu til skammar. Skýrslurnar komu seint inn og sum félög voru dæmd í keppnisbann vegna vanskila. Eitt félag er enn í keppnisbanni og hefur því ekki rétt til að senda fulltrúa á þetta þing. Er þetta mjög bagalegt og félögin verða hreinlega að taka sig til í andlitinu og fylla skýrslurnar út í tíma. Það er sérstaklega mikilvægt einmitt núna að ganga frá skýrslunum því við skiptingu "LOTTÓ gróðans" verður tekið tillit til þeirra og því eru þau félög sem ekki gera skil í tíma að fyrirgera rétti sínum til "pottsins." Starfsmaður sambandsins mun aðstoða og ganga á eftir félögunum við útfyllingu skýrslunnar. Reynslan hefur kennt okkur að hreinlega þarf að neyða suma til að ganga frá henni. Það er því von okkar að full skil verði gerð í tíma UMSK og þeim félögum sem aðild eiga að UMSK til hagsbóta.

GETRAUNIR:

Einn stærsti tekjupóstur UMSK er 3% gjaldið af getrauna-sölnunni á sambandssvæðinu. Nokkuð fróðlegt er að skoða sölu miðað við áramót nú og ári áður og sjá hvaða áhrif Lottó hefur haft. Heildarsala okkar á röðum hefur minnkað um 3,2 % en 6 % á landinu og markaðshlutdeild okkar aukist úr 9,33 % í 9,95 %, sem þýðir að salan hefur minnkað meira annars staðar. Veltuaukning okkar hefur orðið um 29 % en veltuaukning á landinu 25 %. Veltuaukningin er að sjálfsögðu komin af hækkanði verði. Eftirfarandi tafla sýnir sölnu miðað við áramót nú og í fyrra, skipt eftir sveitarfélögum.

	Nú	Áður	Hlutfall
Kópavogur	708.543	809.880	-14 %
Garðabær	203.351	159.548	27 %
Seltjarnanes	165.608	85.936	93 %
Mosfellssveit	154.256	216.504	-40 %
	1.231.758	1.271.076	-3,2 %
Verð	x 5	x 3,75	
Velta	6.158.790	4.766.535	292 %

Velta= raðir x verð.

FORKEPPNIN.

Forkeppni í knattspyrnu vegna Landsmóts UMFÍ 1987. var haldin í Borgarfirði dagana 19. - 20. september í haust.

Fyrirhugað var að fjögur héraðssambönd kepptu um tvö sæti í úrslitakeppninni á Húsavík á 19. Landsmóti UMFÍ 10. - 12. júlí í sumar. Keppnin átti að vera á Hvammstangavelli 22. - 25. ágúst en þó fór svo að USVH sem átti að sjá um keppnina dróg sig úr keppni og og hlupu þá Borgfirðingar -UMSB- undir bagga og héldu keppnina í Borgarnesi. Auk UMSB og UMSK voru Skagfirðingar, UMSS, með í keppninni. Vegna þess að ekki tókst að senda sameiginlegt kapplið UMSK var fyrst leitað til UBK en þeir treistu sér ekki til þátttöku vegna erfiðrar stöðu liðsins í 1. deildarkeppni Íslandsmótsins og var þá leitað til ÍK sem tók verkefnið að sér með glöðu geði og stóðu á allan hátt vel að því.

Keppnin var að sumu leiti söguleg, dómgæsla hvað okkar lið varðaði skondin en samt gekk dæmið upp og okkar lið er því í úrslitum á Landsmótinu í sumar.

Fararstjórar í ferðinni voru Ingvi Guðmundsson og Einar Gunnarsson, þjálfari var Guðjón Guðmundsson og liðsstjóri Viðir Sigurðsson. Það væri ástæða til að skrá hér alla leikmenn liðsins þó svo það verði ekki gert að þessu sinni því svo vel og drengilega stóðu þeir að þessu verkefni og þannig var framkoma þeirra, innan vallar sem utan, að ekki gat hún orðið betri á neinn hátt.

Knattspyrnuráð.

Knattspyrnuráð UMSK starfaði betur á síðasta ári heldur en oftast áður. Haldnir voru 6 fundir og tugir mála tekin fyrir. Þá voru og haldin á vegum ráðsins bæði innan- og utanhúsmót í knattspyrnu. Ráðið sendi lið í forkeppni vegna 19. landsmóts UMFÍ en nánar verður fjallað um það hér á eftir. Þá var og nokkuð fjallað um dómaramál á fundum ráðsins og staðið fyrir einu dómaramálskeiði.

ÞING OG FUNDIR.

Íþróttþing ÍSÍ var haldið í september. UMSK átti þar 10 fulltrúa og var því með næstmest atkvæðamagn á eftir ÍBR. Þetta var stormasamt þing og það svo mjög að einhver hafði á orði að þetta væri í fyrsta sinni sem ekki væri hægt að rita þinggerð þingsins fyrirfram.

Það er vissulega af hinu góða ef íþróttþing eru að verða líflegri en fulltrúum UMSK, eins og svo mörgum fleirum, þótti þó verri ákaflega slægur þingundirbúningur af hálfu ÍSÍ. Engar lagabreytingatillögur lágu frammi við þingbyrjun sem þó hefði samkvæmt lögum átt að senda út mánuði fyrir þing. Ýmislegt fleira hafði stjórn UMSK við þetta þing að athuga og sendi hún bréf til framkvæmdastjórnar ÍSÍ þaraóluandi. Einnig sendi hún afrit af þessu bréfi til sambandsaðila ÍSÍ til umsagnar. Bréf þetta er birt í heild sinni hér aftast í skýrslunni.

Fjölgað var í stjórn ÍSÍ á þinginu, úr fimm manns í sjö manns. Af fráfaramandi stjórn gáfu þeir Sveinn Björnsson, Hannes Þ. Sigurðsson og Jón Ármann Héðinsson kost á sér áfram og voru endurkjörnir en Alfreð Þorsteinsson og Þórður Þorkelsson drógu sig í hlé. Í stað þeirra svo og tveir nýir voru kjörin þau: Friðjón B. Friðjónsson, Katrín Gunnarsdóttir Lovísa Einarsdóttir og Hermann V. Sigtryggsson.

Sambandsráðsfundur UMFÍ var haldinn á Húsavík í október síðastliðnum. Þangað fóru svo sem venja er fyrir, formaður og framkvæmdastjóri UMSK. Fundurinn snérist að mestu leyti um komandi landsmót og virðast þau mál vera í góðum höndum hjá HSB. Einnig var þar komið inn á 80 ára afmæli UMFÍ og verkefni tengd því. Þetta var velheppnaður fundur og framkvæmd hans til sóma.

Það voru ekki nema tvö aðildarfélagi UMSK sem sáu sér ástæðu til að verða við þeim tilmælum að bjóða fulltrúa UMSK á aðalfundi sína. Gerpla og Breiðablik buðu fulltrúum UMSK að mæta og var þegið með þökkum í bæði skiptin. Við biðjum félögin enn og aftur að bjóða okkur á aðalfundi sína. Það er ekki það að við ætlum okkur að fara að skipta okkur af ykkar innanbúðarmálum heldur teljum við nauðsynlegt að þar sem við eigum að vinna fyrir ykkur að þá þekkjum við ykkur og þið okkur.

HAPPDRÆTTI UMSK.

Ein þeirra fjáröflunarleiða sem UMSK reyndi til að bæta fjárhagsstöðu sambandsins var bílahappdrætti. Það reyndist mikil mistök. Kom þar að tímasetning var röng. Alls kyns happdrætti flæða yfir landsmenn síðustu mánuði ársins og er fólk búið að fá alveg nóg af þeim er nær dregur jólum. Eins er það nauðsynlegt til að svona gangi upp að hafa gott og virkt sölukerfi.

UMSK spilaði djarft í þessu happdrætti með því að hafa einn vinning upp á 250 þúsund, 5500 útgefna miða og kostaði hver 250 kr. Um 600 miðar seldust og þrátt fyrir 80% möguleika UMSK á að eiga vinningsmiðann þá gekk hann okkur úr greipum og vinningurinn gekk út.

FIRMAKEPPNI UMSK.

UMSK hélt firmakeppni í knattspyrnu milli jóla og nýárs. Nutum við þar ákaflega mikils velvilja Mosfellssveitarmanna sem lögðu okkur til húsnæði. Framkvæmd firmakeppninnar var þokkaleg en aftur á móti þróaðust sum liðin okkur sem höfðu lofað þátttöku. Með betri og lengri undirbúningi ásamt heppilegri tímasetningu gæti þetta orðið mjög drjúg tekjulind.

19.LANDSMÓT UMFÍ.

19.Landsmót UMFÍ fer fram helgina 11- 12 júlí í sumar á Húsavík. HSP sér um framkvæmd þess að þessu sinni. Guðni Halldórsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri mótsins. Guðni er þekktur fyrir að taka skörulega á hlutunum og er undirbúningur í fullum gangi undir hans stjórn. Framkvæmdum verður lokið í tíma og er aðstaðan til landsmótshalds hin ágætasta þar nyrðra. Mikil áhersla er lögð á að tjaldbúðir og öll aðkoma verði sem mest fyrir augað og er til dæmis verið að samræma stærðir fána héraðssambandanna enda er stefnt að því að hafa fánaborgir tilkomumiklar.

UMSK ætlar sér stóra hluti á landsmóti en það er algjörlega undir undirbúningnum komið hvort athafnir fylgi orði. Við verðum, og okkur ber skylda til að gera hlut UMSK sem mestan og standa undir því að vera stærsta sambandið, ekki bara á pappírnum heldur líka í leik og starfi.

Þessa dagana er unnið að því að fá Karate á landsmót sem sýningargrein og eru taldar töluverðar líkur á að það takist. Mikill uppgangur er á íþróttinni á svæðinu sem og annarsstaðar.

Töluverður fjöldi mun fara á mótið að vanda á vegum sambandsins. Vanalega hefur stærsti hluti keppenda farið með langferðabílum á mótstað. Einhverjir munu þó koma á einkabílum og sjálfsagt vilja einhverjir ferðast flugleiðis. Hvaða ferðamáti sem menn velja sér er þó númer eitt að fá sem flesta á mótið og þjappa hópnum saman og fá eina liðsheild því sameinaðir stöndum vér, sundraðir föllum vér.

Að sjálfsögðu verður landsmótspátttakan dýr að þessu sinni sem og endranær. Því verður að fara út í fjáraflanir í tíma til að standa undir kostnaði. Þegar hafa verið ræddar leiðir og kemur t.d landsmótsblað vel til greina. Þá er verið að útbúa veggramma sem á að bjóða til sölu í fyrirtækjum. Innkaupsverð rammanna er 200- 250 krónur og er hugmyndin að selja þá á 1000 krónur stykkið. Ef vel verður staðið að þessari fjáröflun og hún heppnast vel mun nást umtalsverð fjárhæð sem ætti að koma sér vel til að dekkja kostnað vegna landsmótsþátttökunnar.

ÞRASTARSKÓGUR.

Það virðist svo sem forráðamönnum í aðildarfélögum UMSK sé ekki ljóst að sambandið á sumarhús sem staðsett er í Þrastarskógi. Þar er einnig frábær aðstaða fyrir hvers kyns útiveru s.s. grasvöllur, göngustígar og veiði í Álftavatni.

Þessi aðstaða hefur verið nokkuð notuð á undanförnum árum en alls ekki nóg. Þetta er sannkallað gósenland fyrir íþróttahópa og getur ráðið úrslitum um samþjöppun hóps sem tekst á við mikil verkefni.

Þó nokkrar lagfæringar þarf að gera á húsinu og breyta því eilítið í leiðinni, helst á næsta vori. Þetta þarf ekki að vera mjög kostnaðarsamt ef hlýhugur til þessa húss ræður ríkjum og menn sjá notagildi þess.

Ég hlýt að hvetja forustufólk í félögum innan UMSK að nýta þessa einstöku aðstöðu meir en gert hefur verið og gera það að venju, að einn eða fleiri hópar dveljist þar um lengri aða skemmri tíma árlega.

BLAÐAÚTGÁFA.

UMSK gaf út tvö tbl. af UMSK blaðinu á síðasta ári. Hagnaður af útgáfu þessara tveggja blaða er áætlaður rúmlega 100 þús. Það er alltof lítið ef miðað er við að þau voru gefin út í fjáröflunarskyni og urðu því efnisleg gæði blaðanna minni en þyrftu að vera.

Ljóst er að auglýsingablað er ekki lengur heppileg fjáröflunarleið. Þó getur þetta heppnast vel ef vel er unnið. Slíkt blað verður þá að gefa út fyrripart árs því þá er auglýsinga- markaðurinn viðuráðanlegri.

UMSK verður að standa að þessari útgáfu af metnaði og nota hana fyrst og fremst til kynningar á sambandinu og félögunum innan þess.

20. LANDSMÓT UMFÍ.

Það hefur lengi verið draumur UMSK - féлага að Landsmót ungmennafélaganna yrði haldið á sambandssvæði UMSK. Hingað til hefur nálægð UMSK - svæðisins við Reykjavík gert það að verkum að talið hefur verið óheppilegt að halda Landsmót á okkar sambandssvæði.

Stjórn UMSK sendi þann 5. september, 1985 umsókn til stjórnar UMFÍ um að sambandið tæki að sér Landsmótshald árið 1990 í Mosfellssveit. Á stjórnarfundum UMFÍ dagana 18. og 19. apríl 1986 var síðan samþykkt að fela UMSK að annast 20. Landsmót UMFÍ og skyldi það haldið í Mosfellssveit árið 1990. Langþráður draumur UMSK féлага hefur því ræzt. Stjórn UMFÍ ber að þakka það traust sem UMSK er auðsýnt með því að fela sambandinu að takast á við þetta vandasama verkefni. UMSK verður að leggja allan sinn metnað í að mótshald gangi vel fyrir sig. Jafnframt kemur til með að þurfa öflugan stuðning frá Mosfellshreppi til þess að mótið geti orðið að veruleika.

Undirbúningur er þegar hafinn af hálfu sveitarstjórnar Mosfellshrepps og var byggingarnefnd ípróttasvæðisins að Varmá skipuð síðast liðið haust. Höfuðverkefni nefndarinnar er bygging ípróttaleikvangs með aðstöðu fyrir frjálsar ípróttir. Þessi framkvæmd hefur þegar verið tekinn inn á fjárlög ríkisins og framkvæmdir munu hefjast nú á árinu 1987. Skipulags- og hönnunarvinna er í gangi ásamt viðræðum við ípróttafulltrúa ríkisins og Frjálsípróttasamband Íslands um tilhögun leikvangsins. Stefnt er að byggingu eins glæsilegasta ípróttasvæðis á landinu og er það við hæfi því þar mun UMSK annast 20. Landsmót UMFÍ árið 1990

SKÝRSLA FRJÁLSÍPRÓTTAÞJÁLFARA UMSK 1985-1986.

Undirritaður hóf störf sem frjálsíþróttþjálfari UMSK 1. okt. 1985. Fram að áramótum voru þrjár æfingar í viku. Fyrsta janúar bættist svo fjórða æfingin við. Frá og með 1. maí miðuðust æfingar svo við þarfir hvers og eins en voru ekki bundnar við ákveðinn fjölda í viku.

Æfingasókn og ástundun var viðunandi. Að meðaltali mættu ellefu einstaklingar á æfingar yfir vetrarmánuðina.

Aðstaða til æfinga á þessu tímabili er nokkurnvegin í lagi miðað við þann fjölda sem æfir reglubundið. Hins vegar er hún tæplega nægjanleg ef stefnt er að aukinni breidd. Sérlega er bagalegt að hafa aðeins eina æfingu í viku í Baldurshaga. Er það von mín að fljótlega megi eiga von á samsvarandi aðstöðu í kjallara íþróttahússins Digraness.

Árangur keppnisliðs UMSK á síðasta keppnistímabili var í flestum tilfellum þokkalega góður. Segja má að við höfum komið vel til í keppni á öllum helstu mótum ársins. Það virðist vera að myndast nokkuð sterkur kjarni eldri einstaklinga sem farnir eru að skila árangri. Þá eigum við ungt fólk sem án efa kemur til með að bæta sig verulega strax á næsta ári.

Það er þó ekkert launungarmál að í keppnisliði UMSK eru slæmar eyður sem brýnt er að fyllt verði í. Það er þó ekki nóg að fá einstaklinga í þessar greinar ef félagið er ekki í stakk búið til að taka við þeim. Á ég þar við að til þess að vöxtur félagsins verði eitthvað annað en loftbóla þarf að fá fólk til starfa í þágu frjálsra íþrótta innan UMSK. Það vantar tilfinnanlega einhverja á bak við íþróttafólkið. Einhverja sem hafa metnað til handa íþróttinni.

Ég varð var við áhuga fólks eftir gott gengi okkar í Bikarkeppninni í haust. Það er því ekki aðeins von mín, þegar ég hætti störfum sem þjálfari, að íþróttafólkið bæti sinn árangur heldur að áhugasamir einstaklingar komi til starfa.

Ég vil svo minna UMSK fólk á það að þegar menn hafa einu sinni náð öðru sæti kemur þriðja sætið ekki lengur til greina.

Með þökk fyrir samstarfið,
Guðmundur Sigurðsson

K A R A T E.

Karateráð UMSK :

Karl Gauti Hjaltason.

Fjöldi Karateiðkenda.;

	Karateiðkendur innan UMSK 1985....	289	(30%)
	Karateiðkendur á öllu landinu.....	917	
UMSK.:	Gerpla.....	129	
	Breiðablik.....	88	
	Stjarnan.....	60	
	Bessastaðahreppur.....	12	

UMSK-menn geta verið hreykni af því að hvergi er Karate jafn sterkt eins og í okkar héraðssambandi og 1986 jókst þátttöku íþróttarinnar stórlega í UMSK. Karate var 6.staðsta íþróttin í UMSK á árinu 1985.

Landsliðsfólk úr UMSK.;

Á NM í Helsinki 1986 átti UMSK tvo keppendur í landsliðinu, en í því voru þá fimm manns. Þetta voru þau Evar Þorsteinsson og Kristín Einarisdóttir úr Breiðablik.

Evar hefur verið fastur maður í landsliðinu um lengri tíma og hefur oft sinnis keppt fyrir Íslands hönd erlendis.

Á árinu 1986 hreppti hann m.a. 2. sæti á þriggja landa móti í Glasgow, þar sem kepptu 18, 6 frá hverri þjóð. Hann var einnig í liði Íslands, sem sigraði N-Íra í október s.l.

Kristín Einarisdóttir er aftur á móti nýliði í landsliðinu og var NM í Finnlandi hennar fyrsta mót erlendis.

Framtíðarverkefni.;

Karate í UMSK er á rétttri braut, en þó eru nokkrir þröskuldir sem þarf að yfirstíga. Fyrst ber þar að nefna Landsmótsþátttaka, en það væri íþróttinni virkilega til framdráttar úti á landsbyggðinni ef tækist að koma karate inn á Landsmót UMFÍ.

Á kennsluskýrslum 1985, kom í ljós að karate er talsvert öflugt í HSK og eitthvað er af því í USU. Það ætti því að vera hægt að vinna að þessu takmarki á næstu árum.

UMSK-Mót.;

UMSK-Mót í Karate hafa verið haldin síðan 1982, eða í fimm ár og er þetta eitt allra elsta karatemót hérlendis.


UMSK-Bikarinn frá upphafi.;

1982.....	Stjarnan.
1983.....	Stjarnan.
1984.....	Stjarnan.
1985.....	Stjarnan.
1986.....	Breiðablik.

Hér á næstu síðum eru loks úrslit á síðasta móti. Næsta ár eru ráðgerðar tvær nýjar keppnisgreinar á UMSK-Móti, sem keppt var í núna, en gáfu ekki stig, þ.e. Kumite kvenna og Kumite unglunga. Munu þessar greinar líklega breyta mótinu talsvert, en það hefur hingað til eunkennst af karlagreinum og tel ég breytingar þessar stórt spor í rétta átt, til að gera UMSK-mótið að þverskurði getu félaganna.

UMSK-Mót í Karate 1986.

KUMITE KARLA.



Sveitakeppnin:

UBK a.	Einar	ww	-	KDS	Hannes	ww	2-2	1/2	-1/2
	Evar	lwww	-		Þróstur		5-0	1	- 0
	Matthías	wwwww	-		Stefán	wlww	5-5	1 1/2	- 1/2 = 2-1
UBK a.	Matthías	wwwww	-	UBK b.	Hróbj.	w	6-1	1	- 0
	Einar	wwwhc	-		Olafur	wlj	3-3	1/2	- 1/2
	Evar	wwwww	-		Björgvin		6-0	1	- 0 = 2 1/2 - 1/2
UBK b.	Olafur	ww	-	KDS	Hannes	wwww	2-4	0	- 1
	Hróbj.		-		Þróstur	wwww	0-4	0	- 1
	Björgvin	w	-		Stefán	wwwww	1-6	0	- 1 = 0-3.

1. sæti. UBK a. 2. sigrar 0 tap, vinn 4 1/2 - 1 1/2, skor.: 27-11.
 2. sæti. KDS 1 sigur 1 tap, vinn 4 - 2, skor.: 21-15.
 3. sæti. UBK b. 0 sigur 2. töp, vinn 1/2 - 5 1/2, skor.: 7-29.

STIGAKEPPNI UMSK-Móts 1986.

1. UBK. 1+1+0+4+12 = 18.stig. UMSK Meistarar 1986.
 2. Stjarnan 3+0+2+2+6 = 13. stig
 3. Gerpla 2+5+4+0+0 = 11.stig.

UMSK-Mót í Karate 1986.
Kumite unglinga.

-22-

X Kristján Krist KDS 3 Björgvin Guðm. UBK
Björgvin Guðm. UBK 4

<u>Birgir Jónsson Gerplu</u> 1		<u>Björgvin Guðm. UBK</u> 2	
<u>Björgvin Guðm. UBK</u> 6			<u>Magnús Eyjólfsson Gerpl.</u> 1
<u>Magnús Eyjólfsson Gerpl</u> 7		<u>Magnús Eyjólfsson Gerpl</u> 6	
<u>Kristján Kristins KDS</u> 0			<u>Axel Einarsson Stjörnunni.</u>
<u>Asgeir Helgason Gerpl.</u> 0		<u>Axel Einarsson KDS</u> 6	
<u>Axel Einarsson KDS</u> 6			<u>Axel Einarsson KDS</u> 4
		<u>Númi Björnsson KDS</u> 3	
		<u>Númi Björnsson KDS</u> 5	
<u>Númi Björnsson KDS</u> 3			<u>Númi Björnsson KDS</u>
<u>Asgeir Helgason KDG</u> 2		<u>Björgvin Guðm. UBK</u> 3	

KUMITE KVENNA.

X _____

		<u>Kristín Einarsson G</u> 5	
			<u>Kristín Einarsson Gerpl.</u> 5
		<u>Sylvía Gústafsdóttir UBK</u> 1	
			<u>Kristín Einarsson Gerplu</u>
		<u>Kristjana Sig. Gerpl.</u> 4	
			<u>Kristjana Sig. Gerpl.</u> 3
		<u>Rakel Steinarsdóttir G</u> 3	
X		<u>Rakel Steinarsdóttir G</u> 4	
			<u>Rakel Steinarsdóttir Gerplu.</u>
		<u>Sylvía Gústafsdóttir UBK</u> 3	

UMSK-MÖT Í KARATE 1986.

Kata unglinga:

		Jóni	Árn	Atl	Sig	Alls	
1.	Magnús Eyjólfsson	KDG	5.5	5.4	5.2	5.3	21.4
2.	Gísli Helgason	KDS	5.6	5.4	5.0	5.0	21.0
3.	Birgir Jónsson	KOG	5.0	5.0	5.0	5.0	20.0
4.	Ívar Helgason	KDS	5.3	5.3	4.8	4.5	19.9
5.	Gunnar Guðmundsson	KDS	5.2	5.0	4.8	4.4	19.4
6.	Kolbeinn Steinþórsson	UBK	4.8	5.2	4.7	4.5	19.2
7.	Eyjólfur Kristinsson	KDG	4.7	5.2	4.7	4.3	18.9
8.	Kristján Kristjánsson	KDS	5.1	4.9	4.5	4.3	18.8
9.	Kristinn Haraldsson	KDS	5.0	4.9	4.6	4.2	18.7
10.	Arnþór Guðmundsson	UBK	4.8	4.9	4.5	4.3	18.5
11-13.	Friðrik Bjarnason	KDS	4.6	4.7	4.3	4.2	17.8
11-13.	Bjarki Friðriksson	UBK	4.6	4.7	4.4	4.1	17.8
11-13.	Eiríkur Steinsson	KDS	4.6	4.7	4.4	4.1	17.8

Kepp:
13

Kata karla

1.	Stefán Alfreðsson	KDS	6.4	6.4	6.8	6.8	26.4
2.	Karl Gauti Hjaltason	KDG	6.4	6.4	6.7	6.8	26.3
3.	Ævar Þorsteinsson	UBK	6.3	6.3	6.6	6.7	25.9
4.	Helgi Jóhannesson	KDG	6.2	6.2	6.3	6.5	25.2
5.	Hannes Hilmarsson	KDS	6.0	6.2	6.2	6.3	24.7
6.	Þröstur Einarsson	KDS	5.9	6.1	6.1	6.0	24.1
7.	Björn Ásgeirsson	KDS	5.8	6.0	5.7	5.9	23.4

Kepp:
8

Féll úr; Matthías Friðriksson UBK

Kata kvenna:

1.	Kristín Einarsdóttir	KDG	6.5	6.8	6.7	6.6	26.6
2.	Kristjana Sigurðard.	KDG	6.3	6.6	6.6	6.4	25.9
3.	Kolbrún Röbertsd.	UBK	6.1	6.1	6.1	6.0	24.3
4.	Rakel Steinarsdóttir	KDG	5.9	6.0	5.8	6.0	23.8

kepp:
5

Féll Úr; Sívía Gústafsdóttir UBK

Héraðsmet UMSK í frjálsum íþróttum.

KARLAR

1. janúar 1987.

100 m.	11,0	sek	Erlingur Jóhannsson	UBK	84
	11,0	-	Einar Gunnarsson	UBK	86
	11,30	-	Einar Gunnarsson	UBK	86
200 m.	22,18	-	Erlingur Jóhannsson	UBK	85
300 m.	35,6	-	Erlingur Jóhannsson	UBK	84
400 m.	48,42	-	Erlingur Jóhannsson	UBK	85
800 m.	1:52,60	mín	Guðmundur Sigurðsson	UBK	86
1000 m.	2:29,3	-	Guðmundur Sigurðsson	UBK	86
1500 m.	3:54,6	-	Guðmundur Sigurðsson	UBK	86
1 míla.	4:24,0	-	Þórður Guðmundsson	UBK	65
2000 m.	5:53,6	-	Þórður Guðmundsson	UBK	65
3000 m.	8:46,5	-	Hannes Hrafnkelsson	UBK	86
3000 m hindrunarhl.	9:36,0	-	Gunnar Snorrason	UBK	71
2 mílur.	10:02,6	-	Erlingur Þorsteinsson	STJ.	74
5000 m.	15:29,0	-	Hannes Hrafnkelsson	UBK	85
10000 m.	33:36,34	-	Gunnar Snorrason	UBK	81
20000 m.	1:11:56,4	kl.st.	Gunnar Snorrason	UBK	71
25000 m.	1:35:43,2	-	Gunnar Snorrason	UBK	71
Klukkustundarhl.	16.735	m.	Gunnar Snorrason	UBK	71
1/2 maraþon	1:24:11,0	kl.st.	Jón Már Björnsson		86
Maraþonhlaup.	2:49:44,0	kl.st.	Bragi Þ. Sigurðsson	UBK	83
Grindahlaup:					
110 m.	15,5	sek	Hafsteinn Jóhannsson	UBK	78
200 m.	27,4	-	Trausti Sveinbjörnsson	UBK	70
400 m.	55,5	-	Trausti Sveinbjörnsson	UBK	69
Langstökk	7,12	m	Kristján Harðarson	UBK	81
Þristökk	15,16	m	Karl Stefánsson	UBK	71
Hástökk	2,01	m	Karl West Frederiksen	UBK	74
Stangarstökk	4,26	m	Guðmundur Jóhannesson	UBK	
Kúluvarp	18,28	m	Pétur Guðmundsson	UBK	
Kringlukast.	50,60	m	Þorsteinn Alfreðsson	UBK	70
Spjótkest, gamla.	65,02	m	Hreinn Jónsson	UBK	82
Spjótkest, nýja.	52,02	m	Pétur Guðmundsson	UBK	86
Sleggjukast.	48,16	m	Pétur Guðmundsson	UBK	86
Lóðkast.	15,14	m	Pétur Guðmundsson	UBK	86
Fimmtarþraut	3030	stig	Tómas Lárusson	UBK	52
	(6,69m. - 39,50m. - 23,4sek. - 34,97m. - 4:42,0mín				
Tugþraut	6739	stig	Karl West Frederiksen	UBK	74
	(11,3 - 6,80 - 11,51 - 1,98 - 53,7 - 16,5 - 32,70 - 4,20 46,22 - 4:47,9)				
Boðhlaup:					
4 x 100 m.	44,2	sek	Sveit UMSK (UBK)		85
	(Erlingur Jóhannsson, Einar Gunnarsson, Guðmundur Sigurðsson, Sigurjón Valmunds.)				
4 x 400 m.	3:24,4	mín	Sveit UMSK (UBK)		86
	(Einar Gunnarsson, Sigurjón Valmunds, Guðmunds, Hannes Hrafnkelsson)				
4 x 800 m	8:25,4	mín	Sveit UMSK (UBK)		85
	(Böðvar Bjarnason, Hannes Hrafnkels, Ari Jónsson, Guðmundur Sigurðsson)				
1000 m.	2:00,4	mín	Sveit UMSK (UBK)		86
	(Kristján Jónsson, Einar Gunnarsson, Guðmundur Sigurðsson, Sigurjón Valmunds)				

Héraðsmetaskrá UMSK í frjálsum íþróttum.

KONUR

1. janúar 1987

60 m.	7.7 sek.	Svanhildur Kristjónsdóttir	UBK	84
80 -	10.1 -	Svanhildur Kristjónsdóttir	UBK	84
100 -	11.79 -	Svanhildur Kristjónsdóttir	UBK	85
ÍSLANDSMET.				
200 -	24.30 -	Svanhildur Kristjónsdóttir	UBK	85
ÍSLANDSMET.				
300 -	41.2 -	Svanhildur Kristjónsdóttir	UBK	84
400 -	55.5 -	Svanhildur Kristjónsdóttir	UBK	85
800 -	2.06.22 mín	Hrönn Guðmundsdóttir	UBK	82
1000 -	3.01.2 -	Ragnhildur Pálsdóttir	Stj.	73
1500 -	4.38.2 -	Ragnhildur Pálsdóttir	Stj.	75
3000 -	10.21.8 -	Ragnhildur Pálsdóttir	Stj.	75
1/2 maraþon	1.32.59 kl.st.	Fríða Bjarnadóttir	UBK	86
Maraþon	3.34.30 -	Fríða Bjarnadóttir	UBK	86
100m grindarhl.	15.7 sek	Kristín Björnsdóttir	UBK	71
300m grindarhl.	47.8 -	Berglind Erlendsdóttir	UBK	84
400m grindarhl.	67.33 -	Berglind Erlendsdóttir	UBK	84
Kúluvarp	11.17 m	Gunnþórunn Geirsdóttir	UBK	71
Kringlukast	35.10 -	Íris Jónsdóttir	UBK	82
Spjót kast	39.60 -	Arndís Björnsdóttir	UBK	72
Langstökk	5.67 -	Svanhildur Kristjónsdóttir	UBK	85
Hástökk	1.75 -	Íris Jónsdóttir	UBK	78
Fimmtarþraut	3291 stig	Kristín Björnsdóttir	UBK	72
	(18.0 - 5.16m - 9.59m - 1.50m - 26.6 sek)			
Sjöþraut	3902 stig	Svanhildur Kristjónsdóttir	UBK	84
	(18.2 - 1.45 - 7.25 - 26.0 - 5.03 - 16.96 - 26.6)			
Boðhlaup:				
4 x 100 m.	48,62 sek	Sveit UMSK (UBK)		85
		(Inga Úlfsdóttir, Guðrún Arnardóttir, Berglind Erlendsdóttir, Svanhildur Kristjónsdóttir)		
4 x 200 m.	1.54.1 mín	Sveit UMSK (UBK)		78
		(Helga Árnadóttir, Hrönn Guðmundsd. Guðrún Karls., Linda Bentsdóttir)		
4 x 400 m.	4.12.1 -	Sveit UMSK (UBK)		72
		(Kristín Björnsd., Ragnhildur Páls., Björg Kristjáns., Hafdís Ingimars)		
1000 m	2.17.05	Sveit UMSK (UBK)		86
		(Inga Úlfs., Guðrún Arnard., Svanhildur Kristjónsd., Berglind Erlendsd.)		

LÖG UMSK.

1. gr.

Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarnesþings, skammstafað UMSK. Sambandssvæðið er Kjósarsýsla, Kópavogskaupstaður, Seltjarnarneskaupstaður og Garðabær.

2. gr.

Rétt til að vera í sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem koma til með að vera starfandi á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands og starfa í anda þeirra.

3. gr.

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til stjórnar þess ásamt lögum félagsins og skrá yfir stofnfélaga. Félagið öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrr en sex mánuðum eftir að sambandsstjórn hefur samþykkt að veita félaginu inngöngu.

4. gr.

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið í febrúar ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögunum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst 14 daga fyrirvara. Stjórn sambandsins getur kvatt til aukapings, ef nauðsyn krefur.

5. gr.

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða þær.

Héraðsþing ákveður skatt félaganna til sambandsins. Árskýrslu og skattinn skulu sambandsfélögin senda fyrir 1. febrúar ár hvert.

6. gr.

Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og vara á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 5 tugi eða brot úr tug, gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 8 frá sama félagi. Auk þess skal formaður vera sjálfkjörinn aðalfulltrúi á sambandsþing. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsþing er lögð, ef 2/3 kjörnir fulltrúar eru mættir á héraðsþinginu.

7. gr.

Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sér en aðrir stjórnarmenn í einu lagi, þá skal kjósa þrjú menn í vara-stjórn og enn fremur tvo endurskoðendur og tvo til vara. Heimilt er stjórninni að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveðna þætti starfsins, telji hún þess þörf.

Skýlt er stjórninni að halda minnst ársfjórðungslega fundi með formönnum aðildarfélaga UMSK.

9. gr.

Innan sambandsins starfar héraðsdómstóll, í honum eru 3 menn og 3 til vara, kosnir til tveggja ára. Árlega gengur einn maður úr dómnum og kýs ársþingið einn í hans stað. Í fyrsta sinn verði þeir allir kosnir í einu, aðal- og varamenn en jafnan gætt að kjósa í héraðsdómstól þá menn er hafa fjölbæfa þekkingu á íþróttamálum. Héraðsdómendur mega ekki vera yngri en 21 árs. Í dómnum má ekki sitja nema einn maður úr sama félagi, hvorki sem aðal- né varamaður.

10. gr.

Tillögur til lagabreytingar skal leggja fram í upphafi þings og sé þeim síðan vísað til laganefndar sem kal vera ein af fastanefndum þingsins. Tillögur til lagabreytingar skulu hafa borist sambandsstjórn 15 dögum fyrir sambandsþing.

11. gr.

Héraðsþing getur breytt lögum þessum með 2/3 greiddra atkvæða á héraðsþingi.

12. gr.

Með gildistöku laga þessara eru úr gildi fallin eldri lög sambandsins.

UNGMENNASAMBAND KJALARNESPINGS.

REKNINGAR 1986.

Endurskoðandi:
Ingólfur A. Steindórsson

REKSTRARREIKNINGUR fyrir árið 1986.Rekstrartekjur:Framlög og styrkir:

Framlög kaupstaða	75.000,00
Framlög hreppa	93.265,00
Framlag sýslusjóðs	150.000,00
Útbreiðslustyrkur	<u>372.387,00</u>
Samtals	690.652,00

Fjáraflanir:

Getraunir	268.257,83
Húsaleiga Mjölnish. 14	575.547,00
Eigin fjáraflanir	280.822,40
Skattar aðildarféлага	<u>99.600,00</u>
Samtals	1.224.227,23

Tekjur alls	<u>1.914.879,23</u>
-------------	---------------------

Rekstrartap	<u>430.469,34</u>
	<u>2.345.348,57</u>

Rekstrargjöld:

Laun og launatengd gjöld	862.469,55
Laun frjálsíþróttapjálfa	314.283,00
Rekstur skrifstofu	316.611,00
Sérráð	183.504,00
Risna, gjafir og viðurkenningar	20.572,00
Rekstur sumarhúss	49.695,00
Húsakaupastyrkur til UMFÍ	66.400,00
Annar kostnaður	57.443,07
Rekstrarkostnaður Mjölnish. 14	407.534,95
Afskriftir	<u>66.836,00</u>
Gjöld alls	<u>2.345.348,57</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR pr. 31. 12. 1986.Fjármunir:Veltufjármunir:

Bankainnistæður		48.491,31
Viðskiptakröfur		<u>492.541,67</u>
Veltufjármunir alls		541.032,98

Fastafjármunir:

Sumarhús		30.000,00
Tjald		6.000,00
Skrifstofuáhöld		107.854,00
Fáni		10.000,00
Innréttingar Mjólnish. 14	334.182,36	
Eldri afskrift	66.836,36	
Afskrift 1986	<u>66.836,00</u>	<u>200.510,00</u>
Fastafjármunir alls		<u>354.364,00</u>
Fjármunir alls		<u><u>895.396,98</u></u>

Fjármagn:

Skammtíma skuldir		<u>866.917,24</u>
Eigið fé:		
Höfustóll 1.1.		458.949,08
Tap ársins		<u>430.469,34</u>
Eigið fé samtals		<u>28.479,74</u>
Fjármagn alls		<u><u>895.396,98</u></u>

Hef yfirfarið framanskráðan rekstarreikning og efnahagsreikning og tel þá vera rétta.

Fingólfur A. Þorvaldsson



UNGMENNASAMBAND KJALARNESÞINGS

MJÖLNISHOLT 14 - P.O. BOX 5271 - 125 REYKJAVÍK - Sími 91-16016

Mjölnisholti 30.09.'86

Framkvæmdastjórn ISI,
búseti ISI
Sveinn Björnsson.

Eftir nýafstaðið íþróttaping brennur í huga okkar ýrislegt sem þar kom fram og svo mörgum sem þar voru fulltrúar þótti betur mega fara. Þó er svo að ekkert er alvont og þaðan af síður algott og sínum augum lítur hver á málefni þau sem samtök okkar varða.

Það var mál manna á íþróttapinginu að það væri illa skipulagt og það svo mörgum klukkutímum nam í óparfa setu. Þetta var fyrsta þingið sem framkvæmdastjórinn skipulagði og reyndist hann illa hæfur til þeirra starfa. Það er kannski ekki hægt að vísa mönnum út í ystu myrkur af þeim sökum einum ef annað og alvarlegra hefði ekki hent hann í umræðum og athöfnum. Menntu voru kvattir til umræðna um skýrslu stjórnar. Eðlilega gagnrýndu menn þá skýrsluna og athafnir stjórnar og framkvæmdastjóra og vildu ná fram breytingum jafnvel í grundvallaratriðum, sem ekki er óeðlilegt til að starfsemin steinrenni ekki í gamla farinu en stefni þess í stað fram á við. Þetta er ekki hallelúja samkoma af neinu tagi. Það er ómaklegt að þingfulltrúar sitji undir dónalegum ákúrum starfsmanns síns fyrir það eitt að vera á öðru máli en hann. Einnig er alvarlegt lögbrot að senda ekki út til Héraðsambanda og Sér sambanda tillögur til lagabreytinga og forkastanlegt að koma með fullmótaða tillögu ásamt greinargerð um að afgreiða ekki nefndar tillögur á þinginu. Þó menn séu ekki sáttir við breytingar er forboðið að bregðast við á þennan hátt. Einnig er það til vansa að leynd þingheim þeim

tillögum sem fyrir þinginu liggja þar til umræður eiga að hefjast og gefa mönnum ekki ráðrúm til að mynda sér skoðanir á lengri tíma en augnablikinu.

Það er almennt álit að þau plögg sem berast skrifstofu ISI séu opinber hvort heldur er fullmótuð skýrsla eða "handrit" að skýrslu og allir sem einn eigi aðgang þar að en séu ekki leyniskjöl hvorki starfsmönnum okkar né öðrum sem um íþróttamáli fjalla. Ef handrit úrelðis og fullmótuð skýrsla verður til, skal umsvifalaust fyrir-koma slíku handriti svo það verði ekki til trafala þeim sem eru að afla sér upplýsinga um málefni hreyfingarinnar. Það kom fyrir á þinginu að starfsmaður okkar og fulltrúi á þinginu hnaut um eitt slíkt "handrit" sem framkvæmdastjóra hafði láðst að eyðileggja. Hann fann sig knúinn til að atyróa starfsmanninn svo freklega fyrir framan þingheim að mönnum varð illt við og var það sér í lagi fyrir þá sök, að þar fannst mönnum hann atyróa starfsmann okkar fyrir sín eigin afglöp. Eftirköstin létu ekki á sér standa, okkar ágæti starfsmaður hefur sagt upp störfum í kjölfar þess.

Í ljósi aðferðar við ráðningu framkvæmdastjóranns, án auglýsingar, er spurt: Var þessi ráðning til bráðabyrgða, til reynslu eða vakti það fyrir framkvæmdastjórn að sú ráðning yrði til frambúðar? Auglýsa ber slíka stöðu og ráða hæfasta umsækjandann og það er krafa okkar að svo verði gert.

Það er auðvitað metnaður hreyfingarinnar að yfirstjórnin búi vel að húsnæði og tækjum en því aðeins að það miði að því takmarki að veita þeim sem vinna að íþróttamálum góða þjónustu, betri en þar hefur fengist til þessa, en verði ekki dæmigerður fílbeinsturn.

Þessu máli verður haldið vakandi svo lengi sem þarf og þeir sem ætlast til styrks frá ípróttahreyfingunni til trúnaðarstarfa beðnir að íhuga þetta vandlega áður en þessari kröfu er hafnað. Vel verður fylgst með hverjir una siðleysi í æðstu stjórn ípróttamála og hverjir berjast af öllum kröftum gegn því.

Með ípróttakveðju,

f.h. stjórnar UMSK


Ólína Sveinsdóttir, formaður.

Samrit sent:

Stjórnarmönnum í framkvæmdastjórn ÍSÍ

Héraðssamböndum

ípróttabandalögum og

sérsamböndum.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 1986.

Tekjur:

Framlög sveitarfélaga:	200.000.-
Framlög sýslusjóðs:	160.000.-
Útbreiðslustyrkur:	260.000.-
Getraunir:	300.000.-
Rekstur Mjölnisholti 14:	20.000.-
Skattur aðildarfélaga:	84.000.-
Aðrar tekjur:	<u>636.000.-</u>
	<u>1.624.000.-</u>

Gjöld:

Laun og bílakostnaður:	1.000.000.-
Rekstur skrifstofu:	150.000.-
Verðlaun:	70.000.-
Annar kostnaður:	300.000.-
Skattur til ÍSÍ og UMFÍ:	35.000.-
Styrkur til UMFÍ vegna húsaþaupa:	<u>56.000.-</u>
	<u>1.611.000.-</u>

Tekjuafgangur:

	<u>13.000.-</u>
	<u>1.624.000.-</u>